

Efni: Umsögn frá teymi Óperudaga um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sviðslistir nr. 165/2019 (Þjóðarópera)

Til allsherjar- og menntamálanefndar.


Við hjá Óperudögum fögnum frumvarpi um þjóðaróperu og styðjum það heils hugar.

Óperudagar er eina óperuhátíðin á Íslandi og hefur verið starfrækt frá árinu 2016. Meirihluti þeirra íslensku listamanna sem starfa við óperufagið hafa komið fram á hátíðinni á undanförunum árum.

Ásamt því að styðja frumvarpið, beinum við athygli að mikilvægi þess að hlýtt sé á raddir fagfólks sem starfar og er menntað í óperufaginu, þeirra vilja og sýn hvað málið varðar.

Með von um að ný þjóðarópera taki til starfa 1. janúar 2025,

Fyrir hönd Óperudaga,



Guja Sandholt

Listrænn stjórnandi Óperudaga og klassísk söngkona

www.operudagar.is

